

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Samiðnar, sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga**  
**og**  
**Meistarasambands byggingamanna f.h. aðildarfélaga**  
**1. gr.**

**Inngangur**

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi Meistarasambands byggingamana og aðildarfélaga Samiðnar sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Samiðnar og Meistarasambands byggingamanna.

**2.gr.**

**Eingreiðsla**

Með samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000 hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í mars-máí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt í samræmi við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi þegar kjarasamningurinn hefur verið staðfestur eða eigi síðar en 10. júní 2011.

Fyrirtækjum er heimilt að greiða eingreiðsluna út í tvennu lagi 1. ágúst og 1. október 2011 og skal hún þá vera 30.000 kr. í hvert sinn. Láti starfsmaður af störfum áður en eingreiðslur hafa verið greiddar skulu þær gerðar upp við starfslok.

**3. gr.**

**Almenn launahækkun**

1.7. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

Með umsaminni almennri launahækkun í kjarasamningum Samiðnar og Meistarasambands byggingamanna er átt við lágmarkshækkun þeirra reglulegu launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun skv. kjarasamningi á að koma til framkvæmda, óháð launum viðkomandi starfsmanns.

Óheimilt er að lækka eða afnema yfirborganir með því að greiða ekki út almennar launahækkunar. Yfirborganir verða því aðeins lækkaðar eða afnumdar að fylgt sé ákvæðum ráðningarsamnings. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti með launaákvörðunum flýtt hækkunum með sérstökum ákvörðunum og þá sé með fyrirsjáanlegum og fyrirfram ákvæðum hætti tekið tillit til óframkominna almennra hækkaná á næstu 12 mánuðum. Starfsmanni sé fyrirfram gert ljóst með sannanlegum hætti að um flýtta almenna launahækkun samkvæmt kjarasamningi sé að ræða.

F RT  
B. P.B.

#### 4. gr.

##### **Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Nýir launataxtar gilda frá 1. júlí 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

#### 5. gr.

##### **Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

#### 6. gr.

##### **Afgreiðsla kjarasamninga**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 10. júní 2011.

#### 7. gr.

##### **Fylgiskjöl**

Í eftirtöldum fylgiskjölum eru bókanir og breytingar á þeim köflum kjarasamningsins sem snerta einstakar starfsgreinar.

- Gerviverktaka
- Bakvaktir
- Orlof starfsmanna án sveinsprófs
- Uppgjör launa og uppþóta
- Bókanir
- Kauptaxtar 2011-2013

Reykjavík 27. maí 2011

F.h. Samiðnar

Dunn Agðrún Hermannsson  
Klára Óskarsdóttir  
Jón Ólafsson

F.h. Meistarásambands byggingamanna

Baldur Þór Baldvinsson  
Björn Þórhallsson  
Bartlomejuson  
Jón Ólafsson  
Sigríður Guðmundsson

## Gerviverktaka

### Inn komi ný grein 1.11. um gerviverktöku

1.11.1 Starfsmenn í skilningi kjarasamnings þessa eru þeir sem ráðnir eru til að gegna störfum undir stjórn atvinnurekenda á umsömdum vinnutíma við úrlausn þeirra verkefna, sem atvinnurekandi mælir fyrir um og á hans ábyrgð.

1.11.2 Starfsmenn skulu fá greidd laun og njóta annarra réttinda í samræmi við ákvæði kjarasamnings þessa.

1.11.3 Verktakasamningum skal ekki beita í stað ráðningar starfsmanna nema í þeim tilvikum sem starfsemi og verkefni það sem til úrlausnar er fellur í megin atriðum að hugtaksskilyrðum „yfirlýsingar um verktakastarfsemi“ sem fylgir kjarasamningi þessum.

1.11.4 Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að fylgjast með því að félagsmenn þeirra hafi samningsákvæði þessi í heiðri og að vinnustaðaeftirlit sem byggir á lögum nr. 42/2010, um vinnustaðaskírsteini og eftirlit á vinnustöðum, taki einnig til eftirlits með gerviverktöku.

1.11.5 Vísa má meintum brotum á ákvæðum þessa kafla til sérstakrar sáttarnefndar samningsaðila til umfjöllunar ef aðilar sammælast um það, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, áður en efnt er til málssóknar í Félagsdómi. Nefndin þarf að komast að niðurstöðu innan tveggja vikna frá því að máli er vísað til hennar.

## Bakvaktir

### Grein 2.9. um bakvakt breytist þannig:

Við grein 2.9.4 bætist nýr málslíður: Á almennum frídögum og stórhátiðum skv. gr. 2.4. verður hlutfallið 50%.

Við grein 2.9.5 bætist nýr málslíður: Á almennum frídögum og stórhátiðum skv. gr. 2.4. verður hlutfallið 25%.

Á eftir orðunum „jafn mörg“ í grein 3.3.2 bætist „og jafn löng“

## Orlof starfsmanna án sveinsprófs

### 4. kafli um orlof breytist þannig

#### Inn komi ný grein 4.3.3:

Starfsmenn án sveinsprófs

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.

Starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 30 daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Grein 4.3.2.4 verði grein 4.3.4 með fyrirsögninni „Orlofstaka“. Gr. 4.3.1.3 falli brott.

T.R.H.  
B.P.B.

Fyrirsögn greinar 4.3.1. verði: „Starfsmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun“

## Uppgjör launa og uppbóta

Við grein 12.2.1 bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Um uppgjör desemberuppbótar, orlofsuppbótar, frítökuréttar og orlofslauna við starfslok fer skv. gr. 1.1.4.1, 1.1.4.2, 2.8.2 og 4.1.4.

## Bókanir

### Bókun vegna pípulagningamanna

Sveinafélag pípulagningamanna sameinaðist FIT 1. janúar 2008 og tók Samiðn þá yfir kjarasamning félagsins. Samkomulag er um að frá og með gildistöku þessa kjarasamnings falli kjarasamningur Sveinafélags pípulagningamanna niður og gildir frá þeim tíma almennur kjarasamningur Samiðnar fyrir alla pípulagningamenn innan Samiðnar. Jafnframt verði verkfæralisti í kjarasamningi FP og Sveinafélags pípulagningamanna hluti samnings þessa. Brottfall sérstaks kjarasamnings pípulagningamanna breytir ekki framkvæmd greiðslna fyrir óunna helgidaga hjá pípulagningamönnum.

### Bókun vegna múnara

Múrarafélag Reykjavíkur sameinaðist FIT 1. janúar 2009 og tók Samiðn þá yfir kjarasamning félagsins. Samkomulag er um að frá og með gildistöku þessa kjarasamnings falli kjarasamningur Múrarafélags Reykjavíkur niður og gildir frá þeim tíma almennur kjarasamningur Samiðnar fyrir alla múnara innan Samiðnar. Brottfall sérstaks kjarasamnings múnara breytir ekki framkvæmd greiðslna fyrir óunna helgidaga hjá múnurum.

### Bókun um eflingu iðngreina

Samningsaðilar eru sammála um að taka upp sérstakt samstarf í því skyni að efla iðngreinar og bæta ímynd þeirra með það að markmiði að laða ungt fólk inn í iðngreinar. Jafnframt verði unnið að því að bæta vinnuumhverfi, kynna kosti hvatakerfa sem bætt geta hag starfsfólks og fyrirtækja og efla hæfi starfsfólks með áframhaldandi samstarfi um menntamál iðngreinanna. Viðeigandi starfshópar munu taka til starfa í september 2011.

### Bókun vegna hádegishlés um helgar

Með samningi þessum er kveðið á um einnar klst. hádegishlé um helgar sem greiða ber sem vinnutíma. Á vinnustöðum þar sem hádegishlé um helgar hafa verið stytt í  $\frac{1}{2}$  klst. eru dæmi um að vinnuveitandi leggi til hádegisverð í stað greiðslu yfirvinnukaups vegna styttigar hádegishlés. Samningsaðilar gera ekki athugasemdir við það fyrirkomulag.

### Samkomulag um vinnustaðaskírteini

Samkomulag dags. 5.maí 2011 milli ASÍ og SA um breytingu á samkomulagi um Vinnustaðaskírteini og framkvæmd vinnustaðaeftirlits

### Bókun um kjarasamning ASÍ og SA

Kjarasamningur milli aðildarfélaga ASÍ og SA dags. 5.maí 2011 er hluti þessa samnings eftir því sem við á.

### **Bókun starfsmenntasjóðs**

**Núgildandi bókun um starfsmenntasjóð í gildandi kjarasamningi milli Samiðnar og Meistararasambands byggingamanna fellur brott.**

### **Ný bókun um starfsmenntasjóð**

Greiðsla félagsmanna í Meistararasambandi byggingamanna, fyrir hvern einstakling, skal ekki vera hærri en kr. 18.000 kr. á ári. Félagsmenn í MB sem sökum aldurs eða veikinda greiða ekki félagsgjöld, eru undanþegnir greiðslu í starfsmenntasjóð.

## Launataxtar í kjarasamningi Meistarasambands byggingamanna og Samiðnar

	Mánaðarl.	Dagv.	Yfirv.	Mánaðarl.	Dagv.	Yfirv.	Mánaðarl.	Dagv.	Yfirv.
	1.7.2011			1.2.2012			1.2.2013		
Byrjunartaxti sveins	263.704 kr.	1.521 kr.	2.739 kr.	274.704 kr.	1.585 kr.	2.853 kr.	285.704 kr.	1.648 kr.	2.967 kr.
Lágmarkstaxti eftir 5 ár í greininni	269.202 kr.	1.553 kr.	2.796 kr.	280.202 kr.	1.617 kr.	2.910 kr.	291.202 kr.	1.680 kr.	3.024 kr.
Lágmarkstaxti eftir 7 ár í greininni	275.733 kr.	1.591 kr.	2.863 kr.	286.733 kr.	1.654 kr.	2.978 kr.	297.733 kr.	1.718 kr.	3.092 kr.
Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu	282.491 kr.	1.630 kr.	2.934 kr.	293.491 kr.	1.693 kr.	3.048 kr.	304.491 kr.	1.757 kr.	3.162 kr.
Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð eða meistarapróf eða tvö sveinsbréf sem nýtast í starfi	289.482 kr.	1.670 kr.	3.006 kr.	300.482 kr.	1.734 kr.	3.121 kr.	311.482 kr.	1.797 kr.	3.235 kr.
	296.716 kr.	1.712 kr.	3.081 kr.	307.716 kr.	1.775 kr.	3.196 kr.	318.716 kr.	1.839 kr.	3.310 kr.
	304.199 kr.	1.755 kr.	3.159 kr.	315.199 kr.	1.818 kr.	3.273 kr.	326.199 kr.	1.882 kr.	3.388 kr.
	311.942 kr.	1.800 kr.	3.240 kr.	322.942 kr.	1.863 kr.	3.354 kr.	333.942 kr.	1.927 kr.	3.468 kr.
	319.952 kr.	1.846 kr.	3.323 kr.	330.952 kr.	1.909 kr.	3.437 kr.	341.952 kr.	1.973 kr.	3.551 kr.
	328.239 kr.	1.894 kr.	3.409 kr.	339.239 kr.	1.957 kr.	3.523 kr.	350.239 kr.	2.021 kr.	3.637 kr.
	336.814 kr.	1.943 kr.	3.498 kr.	347.814 kr.	2.007 kr.	3.612 kr.	358.814 kr.	2.070 kr.	3.726 kr.
	345.685 kr.	1.994 kr.	3.590 kr.	356.685 kr.	2.058 kr.	3.704 kr.	367.685 kr.	2.121 kr.	3.818 kr.
	354.863 kr.	2.047 kr.	3.685 kr.	365.863 kr.	2.111 kr.	3.799 kr.	376.863 kr.	2.174 kr.	3.914 kr.
	364.359 kr.	2.102 kr.	3.784 kr.	375.359 kr.	2.166 kr.	3.898 kr.	386.359 kr.	2.229 kr.	4.012 kr.
	374.182 kr.	2.159 kr.	3.886 kr.	385.182 kr.	2.222 kr.	4.000 kr.	396.182 kr.	2.286 kr.	4.114 kr.

F D H F J H B. Þ.B.

H. P. S. Ó. S. V. A. S.



**Launataxtar Samiðnar og MB vegna bípulagningarm. múrara. dúkara.**

		1.júl.11	Dagvinnulaun	Yfirlínna		
Taxti 1	282.491,00	1.630,00	2.934,00	Byrjunarlaun		
Taxti 2	289.482,00	1.670,00	3.006,00	Lágmarkstaxti eftir 5 ár í geininni		
Taxti 3	296.716,00	1.712,00	3.081,00			
Taxti 4	304.199,00	1.755,00	3.159,00	Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu		
Taxti 5	311.942,00	1.800,00	3.239,00	Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð		

		1.feb.12				
Taxti 1	293.491,00	1.693,00	3.048,00	Byrjunarlaun		
Taxti 2	300.482,00	1.734,00	3.120,00	Lágmarkstaxti eftir 5 ár í geininni		
Taxti 3	307.716,00	1.775,00	3.196,00			
Taxti 4	315.199,00	1.818,00	3.273,00	Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu		
Taxti 5	322.942,00	1.863,00	3.354,00	Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð		

		1.feb.13				
Taxti 1	304.491,00	1.757,00	3.162,00	Byrjunarlaun		
Taxti 2	311.482,00	1.797,00	3.235,00	Lágmarkstaxti eftir 5 ár í geininni		
Taxti 3	318.716,00	1.839,00	3.310,00			
Taxti 4	326.199,00	1.882,00	3.388,00	Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu		
Taxti 5	333.942,00	1.927,00	3.468,00	Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð		

Rauðir dagar eru innifaldir í launatöxtum

Kostnaður og viðbótaðiðir			
Verkfæragj.	30.71	35.59	á unna klukkust.
Fatagjald	16.90	16.83	á unna klukkust.
Orlofsuppb.	12.18	12.53	á unna klukkust.
Des. uppb.	22.10	22.04	á unna klukkust.
Rauðir dagar er 4,59% á unna klukkust.			EJH

  
  
  


Bókun:

Greiða skal símenntagjald af öllum launamönnum sem falla undir samning þennan til IDUNNAR, fræðsluseturs. Gjaldið nemur 0,4% af heildarlaunum starfsmanna.

Greiðsla félagsmanna í Meistararasambandi byggingamanna af sjálfum sér skal þó ekki vera hærra en kr. 18.000 á ársgrundvelli miðað við launataxta 29. febr 2008. Hámarkið tekur sömu hækjun og launataxtar.

Félagsmenn í MB sem sökum aldurs eða veikinda greiða ekki félagsgjald til MB, eru undanþegnir greiðslu í starfsmenntasjóð.

Félagsmenn í Félagi pípulagningameistara og Meistarafélagi Suðurnesja geta sagt sig frá greiðsluskyldu fyrir sig þar til þessi félög hafa gengið til liðs við IDUNA fræðslusetur.

FRH EðH  
H.H. B.P.B.  
P.G. J.O.  
S. H.S.  
R.R.